



Fimleikasamband Íslands

2. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 28. febrúar, kl. 17:00 á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Arnar Ólafsson, varaformaður, Einar Ólafsson, ritari, Friðbjörn B. Möller, gjaldkeri, Jósep Húnfjörð Vilhjálmsson, meðstjórnandi, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Íris Svavarsdóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum. Einnig er mætt Sólveig Jónsdóttir, verkefnastjóri landsliða í hóp fimleikum.

Davíð Ingason, verkefnisstjóri í áhaldafimleikum, boðaði forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 1. fundar er samþykkt

2. Bréf tækninefndar í hóp fimleikum, dagsett 7. febrúar 2012, beiðni um heimild til að fá tvo gestadómara, einn frá Danmörku og einn frá Svíþjóð, til að dæma á Íslandsmótinu í hóp fimleikum 13. og 14. apríl nk.

Var áður á dagskrá 1. fundar, þá var bókað að stjórn óskaði eftir kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun liggur fyrir. Kostnaður er áætlaður um 200 þúsund kr.

Málið rætt.

Stjórn FSÍ heimilar tækninefnd í hóp fimleikum að bjóða til landsins tveimur gestadómurum og vonast til að aðkoma þeirra að Íslandsmóti verði hóp fimleikum til framdráttar og frekari framþróunar. Verkefnastjóri í hóp fimleikum er falið að sjá um að bóka flug og gistingu fyrir dómara

3. Afreksstefna FSÍ

Afreksstefna FSÍ var rædd á fimleikaþingi FSÍ. Ákveðið var að fela stjórn FSÍ að vinna áfram að stefnumótun og að leggja fram heildstætt skjal á næsta formannafundi sem halda á í haust. Anna Gréta Ólafsdóttir, nemi í MPA í HÍ hafði samband eftir þingið og bauð fram krafta sína í vinnu við að gera afreksstefnu FSÍ skýrari og setja mælikvarða. Jónas Tryggvason, Davíð Ingason og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir hafa hitt Önnu.

Málið rætt.



Fimleikasamband Íslands

Stjórn felur formanni að halda áfram að vinna með Davíð, Jónasi, Sólveigu og öðrum þeim sem komu að gerð afreksstefnu sem kynnt var í drögum á þingi FSÍ á dögunum. Þannig að heildstæð stefna verði lögð fram á formannafundi í haust, og fá áfram til liðs við þessa vinnu sem flesta hagsmunaaðila.

4. Verkefnastjóri landsliða í hópfimleikum og áhaldafimleikum

Árið 2009 var ákveðið af stjórn FSÍ að hrinda af stað tilraunaverkefni til eins árs, sem fólst í að ráða verkefnastjóra í áhaldafimleikum karla. Davíð Ingason var fenginn í verkefnið. Árið 2011 ákvað stjórn að útvíka verkefnið og fela verkefnastjóra í áhaldafimleikum karla að taka jafnframt við áhaldafimleikum kvenna. Staðan var auglýst. Davíð Ingason var ráðinn og hefur hann farið með verkefnastjórn í áhaldafimleikum karla og kvenna frá 1.október 2010 til 30.september 2011. Samningur verkefnastjóra í áhaldafimleikum er því útrunnin.

Málið rætt:

Samþykkt að funda með tækninefndum í áhaldafimleikum og skoða út frá vinnu við afreksstefnu FSÍ, hvernig tækninefndir í áhaldafimleikum sjá fyrir sér starf verkefnastjóra í áhaldafimleikum og hvaða áherslur beri að leggja fram í starfslýsingu. Þorgerði formanni FSÍ og Axel Bragasyni er falið að funda með tækninefnum í áhaldafimleikum og skoða starfsvið verkefnastjóra í áhaldafimleikum.

Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hópfimleikum tók við starfi verkefnastjóra í hópfimleikum 1. október 2011 kynnti landsliðsverkefni í hópfimleikum og í hverju starf verkefnastjóra felst. Formaður fór yfir tilurð verkefnisins og undirbúning að ráðningu verkefnastjóra.

5. Verkefnastjóri karla

Þar sem starfstími verkefnistjóra karla er útrunnin er nauðsynlegt að ráða nýjan eða endurráða fyrri verkefnisstjóra.

Málið rætt:

Samþykkt að óska eftir því við Davíð Ingason að hann haldi áfram sem verkefnisstjóri þangað til yrði ráðið að nýju. Einnig að fá hann til að vinna með ÞLD, AB og væntanlegum formanni tækninefndar kvenna í að skoða starfslýsingu verkefnisstjóra karla og kvenna út frá drögum um afreksstefnuna.



Fimleikasamband Íslands

6. Vefmál FSÍ

Almennar umræður um vefmál, bæði ytri vef fyrir almenning og innri vef fyrir þá sem þess þarfnast, eins og stjórn og tækninefndir og fleiri. Einnig móttakerfi fyrir FSÍ mót.

Málið rætt:

Skoðað allt varðandi að kostnaðar- og þarfagreina verkefnið.

Samþykkt að stofna starfshóp sem falið er að skoða vefmál FSÍ. Formaður starfshópsins er Arnar Ólafsson varaformaður FSÍ, Starfstími er frá 1. mars til 1. maí.

7. Ráðning framkvæmdarstjóra FSÍ

Auglýsing um starf framkvæmdarstjóra FSÍ birtist í helgarútgáfu Fréttarblaðsins 25-26 feb. sl. Formanni er falið að fara yfir umsóknir og flokka þær og leggja fyrir stjórn tillögu um framkvæmdarstjóra.

8. Til kynningar.

a. Bréf frá tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum dags, 21.febrúar 2012.

Bréf undirritað af Höllu Karí Hjaltsted, Hildi Ketilsdóttur og Söndru Matthíasdóttur, sem kosnar voru í tækninefnd kvenna á þingi Fimleikasambands Íslands, dags, 18 október sl.

b. Bréf frá tækninefnd í almennum fimleikum og fimleikum fyrir alla., dags, 22. febrúar 2012

Bréf undirritað af formanni FFS Hlíf Þorgeirsdóttur, ásamt endurskoðaðri kostnaðaráætlun Golden Age

Í lok fundar var ákveðið að breyta fundartímum stjórnar.

Eftirfarandi fundartímar voru samþykktir:

Reglulegir fundir stjórnar verði annan og fjórða þriðjudag í mánuði frá kl. **18-20**.

Fundir út maí verði sem hér segir:

13. mars, 27. mars, 10. apríl, 24. apríl, 15. maí og 29. maí.

Fundi slitið kl. 17:50



Fimleikasamband Íslands

Næsti fundur verður haldinn 13.mars kl. 18:00

Einar Ólafsson ritar fundargerð.